

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-78/2015

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. september 2015 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá afslátt af kaupverði bifreiðarinnar, ásamt skaðabótum vegna útlagðs kostnaðar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um bilun í vél bifreiðar sem álitsbeiðandi keypti af seljanda. Er bilunin tengd olúverki bifreiðarinnar. Leitaði kæruneftndin til sérfræðings kæruneftndarinnar í bifreiðamálum með málið og óskaði eftir álit hans. Taldi sérfræðingurinn nauðsynlegt að fá tiltekin gögn frá álitsbeiðanda til þess að geta gefið sérfræðiálit sitt í málinu. Með bréfi, dags. 14. október s.l. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda því svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Ef við á er nefndinni jafnframt heimilt að beina skriflega til aðila spurningum og beiðnum um framlagningu tiltekinna gagna.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftirtöldum gögnum og upplýsingum frá þér:

- 1) Reikninga eða kvittanir fyrir olúskiptum á bifreiðinni, dags. 3. febrúar 2014, 15. ágúst 2014 og 15. apríl 2015.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannst að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 24. október n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni. Beiðist er velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á afgreiðslu málsins.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærufndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærufndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beiðð var um í bréfi nefndarinnar frá 14. október sl.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærufndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson